



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK20210210121

2. júní 2021

Laugavegur 47-51, tvö stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til við skipulags- og samgönguráð að samþykkt verði að eftirfarandi stæði verði merkt sérstaklega fyrir hreyfihamlaða:

- Tvö stæði á Laugavegi næst Frakkastíg, við hús nr. 47-51.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.


Greinargerð

Markmið tillögunnar er að fjölga stæðum fyrir hreyfihamlaða í nálægð við göngugötusvæði. Þegar er stæði fyrir hreyfihamlaða í Frakkastíg sem nýtist ekki nema hluta hreyfihamlaðra þar sem það er í halla. Tillagan gerir ráð fyrir stæðum sem verða aðgengileg stærri hóp hreyfihamlaðra þar sem þau eru á jafnsléttu og verða lengri en hefðbundin bílastæði og nýtist því stærri ökutækjum þar með talið bifreiðum ferðabjónustu. Samtímis, til að jafna aðgengi að stæðum fyrir hreyfihamlaða, verði stæði fyrir hreyfihamlaða sem síðustu tvö til þrjú ár hefur verið við Laugaveg 51 fært aftur að Laugaveg 56. En stæðið var fært vegna framkvæmda við Laugaveg 58.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Deildarstjóri samgangna



Lagt er til að tvö stæði á Laugavegi næst Frakkastíg verði sérmerkt fyrir hreyfihamlaða. Einnig að núverandi stæði við hús nr. 51 verði fært aftur að hús nr. 54. Núverandi stæði fyrir hreyfihamlaða eru merkt með gráu merki en tillaga að nýjum stæðum merkt með bláu merki.